Gróðurfar og jarðfræði í landi Hellu, Skriðulands og Samkomugerðis í Eyjafirði

Starri Heiðmarsson og Halldór G. Pétursson

Unnið fyrir Sorpeyðingu Eyjafjarðar

NÍ-00013 Akureyri, nóvember 2000

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

NÍ Reykjavík ☐
Akureyri **X**

Skýrsla nr NÍ-00013	**Dags, Mán, Ár** 08.11.2000	**Dreifing** ☐ **Opin** **X Lokuð til** 08.05. 2001

Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Gróðurfar og jarðfræði í landi Hellu, Skriðulands og Samkomugerðis í Eyjafirði	**Upplag** 40 **Fjöldi síðna** 23
Höfundar Starri Heiðmarsson og Halldór G. Pétursson	**Verknúmer**

Unnið fyrir
Sorpeyðingu Eyjafjarðar

Samvinnuaðilar

Útdráttur
Fjallað er um gróðurfar, jarðfræði og sorpurðunarmöguleika í landi Hellu, Skriðulands og Samkomugerðis í Eyjafirði

Lykilorð Sorpurðun, Gróðurfar, laus jarðlög Eyjafjarðarsýsla	**Yfirfarið**

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR 3

2 HELLA 3
2.1 Jarðfræði 4
2.2 Gróðurfar 5

3 SKRIÐULAND 5
3.1 Jarðfræði 6
3.2 Gróðurfar 7

4 SAMKOMUGERÐI 8
4.1 Jarðfræði 9
4.2 Gróðurfar 10

5 NIÐURSTÖÐUR 10
5.1 Hella 10
5.2 Skriðuland 11
5.3 Samkomugerði 11

6 HEIMILDIR 12

MYNDIR OG TÖFLUR

Mynd 1. Könnunarstaðir 13

Mynd 2. Kort af Hellusvæðinu 14

Mynd 3. Útbreiðslukort 15

Mynd 4. Kort af Skriðulandssvæðinu 16

Mynd 5. Kort af Samkomugerðissvæðinu 17

Tafla 1. Háplöntutegundir á Hellu 18

Tafla 2. Háplöntutegundir á Skriðulandi 20

Tafla 3. Háplöntutegundir á Samkomugerði 22

1 INNGANGUR

Skýrsla þessi er unnin fyrir Sorpeyðingu Eyjafjarðar og fjallar hún um gróðurfar og jarðfræði jarðanna Hellu, Skriðulands og Samkomugerðis í Eyjafjarðarsýslu. Eigendur þessara jarða svöruðu auglýsingu Sorpeyðingarinnar jákvætt, en hún auglýsti síðastliðið sumar eftir nýju og hentugu sorpurðunarsvæði við Eyjafjörð. Er gróðurkönnunin unnin af Starra Heiðmarssyni, en jarðfræðiþátturinn af Halldóri G. Pétursyni.

Elín Gunnlaugsdóttir, grasafræðingur var Starra til ráðgjafar um gróðurkönnunina, sem fór þannig fram að hverju könnunarsvæði var skipt niður í nokkur gróðurlendi og allar tegundir háplantna sem fundust skráðar. Tegundalisti fyrir svæðin er í töflum 1-3 og eru íslensk heiti tegundanna í samræmi við Plöntuhandbókina (Hörður Kristinsson 1986).

2 HELLA

Jörðin Hella er rétt norðan við Árskógssand nánast í miðju sveitarfélagsins Dalvíkurbyggðar (mynd 1). Land jarðarinnar er Helluhöfði, lágt og flatt klapparholt með klettóttri strönd þar sem það gengur í sjó fram. Að sunnan liggja hlutar Litlaskógsmóa (Móarnir) undir Hellu, en þeir eru víðlent og flatt hrísmóasvæði sem áður var skógi vaxið. Að vestan er djúp mýri milli Hámundarstaða og Hellu, en hún hefur verið þurrkuð upp að hluta.

Nokkrar fornminjar eru kunnar í landi Hellu. Þar var að fornu bænhús og hafa menn oftar en einu sinni komið niður á grafreitinn sem tengdur var því. Þá má nefna rústir Hellukots og Hellugerðis, en það voru kot sem reist voru í landareigninni og Naustavík, en þar var lítill útgerðarstaður í byrjun 20. aldar. Þá eru ótaldir ýmiss garðar sem liggja á þvers og kruss um Móana og Helluhöfða (Helgi Hallgrímsson o.fl. 1982). Ekki hafa fornminjar enn þá verið skráðar skipulega í sveitarfélaginu, eins og t.d. gert var í nágrenni Akureyrar og Eyjafjarðarsveit.

Aðspurðir kváðust landeigendur helst hafa hugsað sér urðunarstað í grjótnáminu, Árskógssandsmegin í landareigninni (mynd 2). Til þess er geilin eftir grjótnámið vart nógu stór, þótt þar hafi verið síðustu árin og nú síðast í sumar, verið sprengt töluvert af grjóti til hafnargerðar á Árskógssandi. Þá má búast við að einhvert framhald verði á grjótnámi þarna, því bergið hentar vel til grjótnáms (Ómar Bjarki Smárason 1987).

Það svæði sem helst virðist koma til greina sem urðunarsvæði er nyrsti hluti Helluhöfða, austan við gömlu túnin á Hellu (mynd 2). Þetta svæði er frekar lítið áberandi, nema af sjó og úr Hrísey. Aðrir fjarlægari og mun meira áberandi urðunarkostir eru, mýrin milli Hellu og Hámundarstaða og haugur út yfir Móana í framhaldi af suðurbrún Helluhöfða. Má vel vera að hvorugur þeirra kosta sé raunhæfur.

Rétt er að geta þess að land Hellu er talið hafa töluvert verndargildi (Helgi Hallgrímsson o.fl. 1982, Helgi Hallgrímsson 1985, Sigurbjörn Hallsson 1987). Er það fyrst og fremst vegna ýmssa landlags- og jarðfræðiminja, svo sem malarása, fornra vatnsfarvega og snotra sjávarkletta í Helluhöfða. Hvað lífríkið snertir eru fjörur undir Helluhöfða taldar lífríkar og fjölbreyttar. Þá er Hádegishólatjörn sunnan við Hellu

talin hafa mikið verndargildi vegna gróðurfars. Hún telst þó vart innan mögulegs urðunarsvæðis.

2.1 Jarðfræði

Helluhöfða má lýsa sem jökulrákuðum klöppum eða klapparhæð sem sumstaðar er þakin misþykkri jökulruðningskápu. Jökulruðningurinn er hvergi mjög þykkur, nema helst að sunnanverðu. Berggrunnurinn er gerður úr dílóttum hraunlögum, sem halla um 3-4° til austur og eru þau talin um 11 millj. ára gömul (Ómar Bjarki Smárason 1987). Aðrir telja halla jarðlaganna meiri eða 10° (Stebbing 1963). Þá sjást víða gangar í klettunum við sjóinn, en þeir eru fornar aðfærsluæðar kviku. Hefur sjávarrofið grafið fram bríkur og voga við gangana.

Helluhöfði stendur upp úr stórri og flatri framburðarsléttu (Litlaskógsmóum), sem að mestu virðist verk fornra jökulfljóta sem fallið hafa að hærra sjávarmáli (u.þ.b. 15 m hæð) í ísaldarlokin (Stebbing 1963, Halldór G. Pétursson 1990a, Halldór G. Pétursson og Hreggviður Norðdahl 1999). Leynist töluvert af möl í móunum, þó síst í nágrenni Helluhöfða, en þar virðist aðallega jökulruðningur á ferðinni. Við sjóinn austast í Helluhöfða er hóll gerður úr lausum jarðlögum, aðallega sandi. Ekki er hér um mikið efni að ræða, en jarðfræðilega er hóllinn hinn merkasti, því hann virðist vera leifar af mun stærri jarðmyndun sem að mestu hefur rofist í burtu. En það er ómögulegt að mynda slíkan hól nema því aðeins að jökull liggi við Höfðann og haldi að honum. Er þetta ásamt ýmsum jarðmyndunum norðar, í Hálshöfða og á Hámundarstaðahálsi talið vera leyfar af jökulgörðum frá svonefndu Yngra dryas tímabili í ísaldarlokin. Vestan megin, í og við Helluhöfða getur að líta snotra malarása, sem nokkuð hefur þó verið spillt af malarnámi. Þarna hafa einhvern tíma í ísaldarlokin runnið jökulfljót í göngum undir ísnum og sett af sér stórgrýti og möl. Í bergið í sjálfum Höfðanum hefur svo fljótið grafið snotra vatnsrás í framhaldi af ásunum. Verða þessar minjar að teljast allar hinar merkustu frá jarðfræðilegu sjónarhorni, en þær eru að hluta innan mögulegs urðunarsvæðis.

Ekki er mikið grunnvatnsrennsli í Helluhöfða og er bergið í honum það þétt að búast má við að sigvatn frá sorpurðunarsvæði í honum norðanverðum rataði beint í sjóinn. Þá er þar einnig sama sem ekkert af lausum jarðlögum sem tafið gætu rennslið. Aðallega er um að ræða mýrarjarðveg í mynni vatnsrásarinnar sem fyrr var getið og óverulegt magn malar sem myndast hefur við hæstu sjávarstöðu (u.þ.b. 15 m hæð.).

Eitthvað má finna af urðunarefni utan í vestanverðum Helluhöfða, við sjálft íbúðarhúsið og hjá refahúsi. Þetta er malarríkur jökulruðningur myndaður á svipuðum tíma og malarásarnir fyrrnefndu. Ekki er um mjög mikið magn efnis að ræða. Aðrir mögulegir malartekjustaðir eru malarásarir eða í Litlaskógsmóum, en á hvorugum staðnum er víst að efni liggi á lausu. Blómleg skógrækt er nú hafin á báðum jarðmyndunun og auk þess efnið úr Móunum mjög gott slitlagsefni (Halldór G. Pétursson 1990a). Virðist æskilegra að nota það sem liggur á lausu af því til vegagerðar heldur en að urða með því sorp.

Nokkur jarðskjálftahætta er á svæðinu, eins og annarstaðar á Árskógssandi (Páll Halldórsson o.fl. 1984), en ekki er vitað um opnar sprungur á svæðinu. Önnur hamfarahætta virðist helst af völdum ofviðra, þá bæði úr suðri og norðri. Hætt er við

að fok af svæðinu verði beint í sjóinn. Þá leggst að hafís stundum að Helluhöfða, en óljóst er hvort það hefur einhver áhrif á hugsanlega sorpurðun.

2.2 Gróðurfar

Gróður var kannaður í sex ólíkum gróðurlendum á svæðinu. Fyrsta gróðurlendið (tafla 1, dálkur 1) eru sjávarklettarnir í Helluhöfða og næsta umhverfi þeirra. Þar fannst m.a. melgresi. Klettarnir eru greinilega áveðurs og var frekar fábrotinn fléttugróður á basaltgöngunum sennilega vegna mikilla seltuáhrifa.

Næsta gróðurlendi (tafla 1, dálkur 2) eru holt ofan klettanna sem eru vel gróin en þar ber nokkuð á grágambra (*Racomitrium lanuginosum*) og ýmsum fléttum s.s. breyskjum (*Stereocaulon* spp.), fjallagrösum (*Cetraria islandica*), krókum og kræðum (*Cladonia* spp.) og ormagrösum (*Thamnolia vermicularis*).

Í norðaustanverðum Helluhöfða er grjótnám og u.þ.b. 50 m suðvestur af því eru tóftabrot. Þær tegundir sem þar uxu voru skráðar (tafla 1, dálkur 3). Norðarlega á höfðanum er nafnlaus tjörn sem reyndar var þurr þegar athugunin var gerð. Listi var gerður yfir tegundir sem uxu í og við tjarnarstæðið (tafla 1, dálkur 4). Þá var einnig kannað hvaða tegundir yxu í mýrarsundi vestanvert á höfðanum (tafla 1, dálkur 5).

Afgangur Helluhöfða er að stærstum hluta þakinn hrísmóum þar sem fjalldrapi er sú tegundin sem er mest áberandi, en innan um hann eru lyngtegundir svo sem krækilyng og bláberjalyng (tafla 1, dálkur 6). Sunnan við höfðann eru svo svipaðir hrísmóar (Litlaskógsmóar), allt að veginum niður á Árskógssand. Suðvestan við Helluhöfða er Hádegishólatjörn, sem er vaxin stargresi og þar hefur fundist alurt (*Subularia aquatica*) (Helgi Hallgrímsson o. fl. 1982). Tjörnin var nánast þurr þegar gróðurathugunin var gerð en barnamosi (*Sphagnum* spp.) er mjög áberandi í tjarnarstæðinu en einnig uxu þar m.a. mýrberjalyng (*Vaccinium microcarpum*), hrafnastör (*Carex saxatilis*) og tjarnarstör (*Carex rostrata*).

Engar sjaldgæfar tegundir fundust á svæðinu. Tvær tegundir hafa þó frekar takmarkaða útbreiðslu á Íslandi en það eru kattarjurt og mýrberjalyng. Þessar tegundir eru samt víða algengar þar sem þær vaxa. Útbreiðsla kattarjurtar er sýnd á mynd 3a. Alurt vex allvíða á Íslandi og nokkuð algeng þar sem aðstæður eru hagstæðar, en er þó sjaldgæf á vesturströnd Eyjafjarðar (Helgi Hallgrímsson o. fl. 1982) sennilega vegna fárra á stöðuvatna og tjarna með hentugum aðstæðum.

Þó engar sjaldgæfar plöntutegundir hafi fundist á svæðinu þá er höfðinn vaxinn fjölbreyttum gróðri og með nokkrum mismunandi gróðurlendum. Alls fundust 88 tegundir af háplöntum á svæðinu og er listi yfir háplöntutegundirnar þær í töflu 1.

3 SKRIÐULAND

Jörðin Skriðuland í Arnarneshreppi er nánast á vegamótum þjóðvegarins norður Eyjafjörð að vestanverðu og afleggjarans að Hjalteyri (mynd 1). Land jarðarinnar er ekki mikið, fjallshlíðin ofan við bæinn og flatlendið neðan við, eða túnin og mýrarnar niður að Tjarnarlæk, en hann fellur til norðurs í Arnarnestjörn.

Aðspurðir kváðust landeigendur helst hafa hugsað sér hrossahagann milli túns og Tjarnarlækjar, neðan þjóðvegar og norðan Hjalteyrarvegar sem urðunarsvæði (mynd 4). Innan landareignarinnar kemur vart annað svæði til greina, en urðun hér yrði sennilega alltaf áberandi, þrátt fyrir mótvægisaðgerðir eins og t.d. stóra jarðvegsgarða.

Ekki mun enn þá hafa farið fram sérstök fornleifaskáning í hreppnum, eins og t.d. í Eyjafjarðarsveit. Strunsa eða Strunsuhóll er í nágrenni hugsanlegs urðunarsvæðis, en þar telja menn vera fornar bæjarrústir (Helgi Hallgrímsson o.fl. 1982). Þá mun hafa verið kirkja á Skriðulandi til forna, en ekki er ljóst hvar hún stóð (Guðmundur Steindórsson o.fl. 1993).

Ekki er mikið um merkar náttúruminjar í landi Skriðulands, nema í fjallshlíðinni ofan við en þar er Skriðulandshraun, lítið og snoturt berghlaup. Aftur á móti eru ýmis önnur svæði í nágrenninu sem talin eru hafa hátt verndargildi (Helgi Hallgrímsson o.fl. 1982, Helgi Hallgrímsson 1985.). Skal fyrst nefna Arnarnestjörn, en þangað rennur Tjarnarlækur en í hann myndi afrennsli sorpurðunarinnar óhjákvæmilega lenda. Arnarneslón er talið lífríkt sjávarlón. Þá eru mýrarnar og flóarnir sunnan Hjalteyrarvegar og austan túna við þjóðveginn taldar hafa mikið verndargildi vegna fjölbreytts gróðurfars og mikils fuglalífs. Á Náttúruminjakorti með Svæðisskipulagskýrslu (Sigurbjörn Hallsson 1987) þá teygir þetta svæði sig reyndar norður fyrir Hjalteyrarveginn og þar er því gefið hæsta verndargildi (flokkur I). Þá má einnig geta jökulruðningsássins (Bakkaás) ofan við Hjalteyri, en austan við hugsanlegt urðunarsvæði. Þarna er vaxtarstaður maríulykils, en sú planta er á válista og talin í útrýmingarhættu hérlendis (Náttúrufræðistofnun 1996). Maríulykill vex í blautum leirflögum, en hætt er við að framræsla mýra í nágrenninu vegna hugsanlegrar sorpurðunar hafi mjög neikvæð áhrif á vaxtarskilyrði hennar.

3.1 Jarðfræði

Land Skriðulands er meira og minna þakið jarðvegi, sem oft er nokkuð þykkur, sérstaklega á láglendinu (> 2 m). Það er því fátt um opnur í jarðlögin á svæðinu, nema í fjallshlíðinni. Ljóst er þó að allt láglendið er þakið þykkum lausum jarðlögum og þar er djúpt á berggrunninn, sem er gömul hraunlög frá tertíer. Óljóst er hve þykk lausu jarðlögin eru, en ekki er ósennlegt að þau séu sumstaðar tuga metra þykk. Þá má búast við að hér sé aðallega um að ræða jökulruðningslög, sem orðin eru það þétt og hörð að erfitt er að grafa í þau, nema e.t.v. allra efst. Þessa jökulruðningsmyndun má rekja frá Arnarnesnöfum í norðri, langleiðina suður undir Hörgá og er t.d. ásinn ofan við Hjalteyri (Bakkaás) gerður úr þessum lögum. Sennilega hafa jöklar í Eyjafirði myndað þessa jarðmyndun á löngum tíma, en ummerki síðasta jökulsins sem skreið um svæðið eru smáholt sem standa upp úr mýrunum meðfram þjóðveginum. Eru þetta bútar af jökulgörðum. Íbúðarhúsið á Skriðulandi stendur á einum svona garðbút og aðrir sjást vel, sunnan og norðan við Hjalteyrarveginn.

Jarðgrunnur eins og finnst í Arnarneshreppi er kjörlendi fyrir stórar og djúpar mýrar, og þá sérstaklega lægðin milli fjallshlíðarinnar og Bakkaáss. Bæði hleypir jökulruðningurinn hægt og seint niður í sig vatni, og það vatn sem kemst niður í hann skilar sér seint úr honum. Hætt er við að ræsa þyrfti fram og þurrka töluvert landflæmi ef urðunarstaður yrði á þessum slóðum. Sú framkvæmd gæti orðið flókin og haft mjög víðtæk áhrif. Ekki er víst að þær breytingar á gróðurlendi sem fylgt gætu í kjölfarið

þættu æskilegar. Rétt er þó að geta þess að það svæði sem boðið hefur verið fram til urðunar krefst ekki eins mikillar framræslu og önnur svæði þarna í nágrenninu.

Ef ekkert er að gert er líklegt er að sigvatn frá hugsanlegu urðunarsvæði rati að mestu leyti beina leið í farveg Tjarnarlækjar og þaðan í Arnarnestjörn. Lækurinn getur eflaust orðið nokkuð vatnsmikill í leysingum, því um hann fer afrennsli úr mýrunum sunnan við Hjalteyrarveg. Eflaust væri hægt að beina rennsli læksins framhjá mögulegu urðunarsvæði, en slík framkvæmd myndi hafa í för með sér mikið rask, ekki aðeins í landi Skriðulands heldur einnig á nærliggjandi jörðum. Að öðru leyti virðist tiltölulega auðvelt að safna sigvatni saman af hugsanlegu urðunarsvæði við Skriðuland.

Hentugt urðunarefni í næsta nágrenni er ekkert annað en í Bakkaás og garðbútarnir sem standa upp úr mýrunum. Ekki er hægt að segja að jökulruðningurinn sé freistandi til efnisvinnslu, því hann er bæði þéttur og harður, það er að segja ef á annað borð eitthvað er hægt að klóra niður í hann. Tiltölulega lítið efni er í garðbútunum og til að ná í það verður að leggja í nokkra vegagerð. Hætt er við að töluvert af efninu úr görðunum færi í þá vegagerð. Næstu möglegu efnistökustaðir sem eitthvað kveður að eru í fjallshlíðinni ofan við Freyjulund og Syðri-Reistará og í Selási og Reiðholti sunnan við Hvamm (Halldór G. Pétursson 1990b).

Ekki er hægt að segja hamfarahætta sé mikil á svæðinu. Hætta á ofviðrum ætti að vera svipuð og á Dysnessvæðinu, en þau mál voru könnuð vegna hugmynda um stóriðju fyrir nokkrum árum. Nokkuð er um smáberghlaup í fjallshlíðinni í utanverðum Arnarneshreppi og virðist sem nýleg skriðuföll úr hlíðinni tengist þeim (Helgi Hallgrímsson o.fl. 1982). Ólíklegt er að aurskriður nái niður á mögulegt urðunarsvæði. Jarðskjálftahætta er nokkur við utanverðan Eyjafjörð, en hún þótti ásættanleg fyrir hugsanlegt stóriðjusvæði við Dysnes (Páll Halldórsson o.fl. 1984). Sama hlýtur að gilda fyrir hið mögulega urðunarsvæði.

3.2 Gróðurfar

Austurmörk hins mögulega urðunarsvæðis eru Tjarnarlækur sem rennur í Arnarnestjörn og voru þær tegundir sem uxu í deiglendinu næst læknum skráðar (tafla 2, dálkur 1). Stærstur hluti svæðisins eru hins vegar framræstar, grasgefnar mýrar (tafla 2, dálkur 2) sem þrátt fyrir framræsluna eru búsvæði fyrir þó nokkrar votlendistegundir svo sem mýrarstör og fífur en mest áberandi eru þó ýmsar grastegundir. Nokkur holt standa upp úr mýrunum og voru tegundirnar sem uxu á þeim skráðar sérstaklega (tafla 2, dálkur 3).

Suðaustan hins mögulega urðunarsvæðis, umhverfis Bjarnarhól, er þekktur fundarstaður maríulykils, en maríulykill er sjaldgæf planta sem er á válista sem tegund í yfirvofandi útrýmingarhættu (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996). Sökum þess að framræsla mýra í tengslum við mögulega sorpurðun gæti haft töluverð áhrif á þessu svæði, var gróðurfar einnig kannað sunnan Hjalteyrarvegar og allt að Bjarnarhóli (tafla 2, dálkur 4). Þar eru mýrar neðst en samfara hækkun landsins koma inn fleiri valllendis-tegundir.

Engar sjaldgæfar tegundir fundust á hinu hugsanlega urðunarsvæði. Maríulykill er á fannst hins vegar í nágrenninu, rétt sunnan Hjalteyrarvegar við Bragholt. Þar sem

búsvæðið er mikilvægt fyrir tilvist maríulykilsins fylgir hér með stutt lýsing á búsvæðavali tegundarinnar sem og tegundinni sjálfri.

Maríulykill (*Primula stricta*) hefur bleikrauð blóm sem standa á 10-20 cm háum stönglum. Blöðin eru í stofnhvirfingu og eru spaðalaga um 1-2 cm á lengd. Maríulykill vex í rökum flögum og vex því oft í flögum sem eru nálægt og innan áhrifasvæðis mýra. Tegundin er á válista sem tegund í yfirvofandi hættu og því æskilegt að vernda búsvæði hennar (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996). Útbreiðslukort fyrir maríulykil er á mynd 3b, en þess má geta að hún vex einungis við Eyjafjörð. Önnur sjaldgæf planta, fölvastör (*Carex livida*) hefur fundist í mýrinni sunnan Hjalteyrarvegar (Helgi Hallgrímsson o. fl. 1982).

Hugsanlegt urðunarsvæði er vel gróið og með þokkalega fjölbreyttan gróður en þar fundust hvorki sjaldgæfar né sérstakar tegundir sem gerðu verndun þess æskilega vegna gróðurfars. Í nágrenninu er hins vegar að finna fleiri svæði sem eru verndar verð og verða fyrir áhrifum afasvæðis urðunarsvæðinu. Tjarnarlækur sem afmarkar svæðið að austan rennur í Arnarnestjörn, en tjörnin er talinn hafa hátt verndargildi í skýrslu um vesturströnd Eyjafjarðar (Helga Hallgrímssonar o. fl., 1982). Ef tryggja á áframhaldandi tilvist maríulykilsins í nágrenni Bjarnarhóls er öll framræsla norðan Hjalteyrarvegar óæskileg. Alls fundust 105 tegundir af háplöntum á svæðinu en 92 tegundir vaxa á hugsanlegu urðunarsvæði (tafla 2).

4 SAMKOMUGERÐI

Jörðin Samkomugerði í Eyjafjarðarsveit er suður undir Melgerðismelum, rétt norðan við Djúpadalsá (mynd 1). Land jarðarinar er flatlendið í dalbotninum og afmarkast það af Eyjafjarðará, Djúpadalsá og Skjóldalsá og landamerkjum jarðanna sem standa undir fjöllunum vestan við. Jörðinni hefur verið skift og er hér um að ræða Samkomugerði 1 og suðurhluta svæðisins (mynd 5).

Það svæði sem landeigendur hafa í huga til sorpurðunar er tún og hagi, sem liggur ofan við veginn upp í Djúpadal (mynd 5). Umhverfis eru hólar, þannig að túnið liggur nánast í bolla eða djúpri, stórri laut. Þannig séð er svæðið hentugt sem urðunarstaður, en sumstaðar þyrfti að fylla upp á milli hólanna með jarðvegsgörðum. Svæðið er lítt áberandi, a.m.k. frá Eyjafjarðarbraut en ekki skal útilokað að yfir það sjáist frá bæjunum sem standa undir fjöllunum vestan við og skógræktarsvæðinu að Hálsi. Rétt er að hafa í huga að svæðið er áberandi úr loft, en aðalaðflugsleiðin til Akureyrar liggur yfir það. Þá má geta þess að hugsanlegt urðunarsvæði er tiltölulega mun nær og meira áberandi frá bæjunum Árgerði og Völlum, en sjálfu Samkomugerði. Norðan við svæðið, þar sem land er aðeins hærra, er land eyðibýlisins Miðgerðis, en þar er stunduð töluverð kornrækt á gömlum túnum.

Fornleifar í sveitarfélaginu hafa verið skráðar, en ekki er að sjá að neinar fornleifar séu á hugsanlegu urðunarsvæði (Adolf Friðriksson o.fl. 1997). Næst svæðinu eru leifar eyðibýlisins Hólagerðis, en þær eru nokkru norðan við það svæði sem hvað best virðist fallið til urðunar.

Helgi Hallgrímsson (1985) telur að tvö svæði með merkum náttúruminjum sé að finna í nágrenni hugsanlegs urðunarsvæðis. Svæðið umhverfis Hólakot (rétt, Hólagerði?),

eða svonefndur Miklagarðshagi og gil Djúpadalsár. Samkvæmt Náttúruminjakorti með Svæðisskipulagskýrslu virðist sem Miklagarðshaginn nái langleiðina suður undir hið hugsanlega urðunarsvæði (Sigurbjörn Hallsson 1987). Virðist sem helst hafi vakað fyrir Helga að vernda landslagið í haganum. Djúpadalsárgilið lendir í verndarflokki I, en auk sérstæðs landlags er þar víða gróðursælt. Þar eru nokkrir laglegir fossar, fjölbreyttar berggrunnsmyndanir og auk þess nokkrir hellisskútar. Gilið er rétt sunnan og neðan við hugsanlegan urðunarstað (mynd 5).

4.1 Jarðfræði

Jökulruðningur hylur berggrunn á hugsanlegu urðunarsvæði og í næsta nágrenni, en berggrunninn kemur í ljós í og við gil Djúpadalsár. Hér er um að ræða gömul ummynduð hraunlög frá Tertíer og er jarðlagahalli á þessum slóðum minni en 10° til suðausturs (Haukur Jóhannesson og Kristján Sæmundsson 1998). Jökulruðningurinn ofan á berggrunninum er þykkur, eflaust víða allt að 10 m og er hér um að ræða hólótta tungu í dalbotni Eyjafjarðar, milli Djúpadalsár og Skjóldalsár. Jökulruðningurinn er eflaust bæði myndaður sem botnruðningur undir skriðjöklum sem skriðu út Eyjafjörð og sem jökulgarðar og ruðningshrúgöld sem ýst hafa upp við jaðar jökultungu sem oftar en einu sinni skreið frá miðhálendinu til norðurs um Eyjafjarðardal (Halldór G. Pétursson og Hreggviður Norðdahl 1999).

Búast má við að jökulruðningurinn sé bæði orðinn þéttur og harður, og því erfiður til efnisvinnslu, nema helst í hólunum. Öll er jökulruðningstungan uppblásins og sérstaklega að sunnanverðu. Má búast við að þar sé ruðningurinn mjög þurr. Í lægðum og lautum milli hólanna leynist jarðvegur, sem nyrst virðist nokkuð mýrlendur (Miklagarðshagi). Á einum stað ofan við Samkomugerði sást, uppspretta eða smávatnsrás þar sem vatn úr einhverri mýrinni hripaði í gegnum jökulruðninginn. Var þetta norðan við hugsanlegt urðunarsvæði. Mögulegt urðunarsvæði er breið laut eða lægð á milli uppblásinna jökulruðningshóla og hjalla. Er hún grasi gróin í botninn og er þar tún. Er jarðvegsþykktin þar óþekkt en hún gæti verið þó nokkur, bæði vegna þess að þarna hefur safnast fok og svæðið gæti hafa verið mýri í upphafi, þótt nú sé þar þurrt. Þennan jarðveg verður að fjarlægja ef þarna á að urða sorp.

Búast má við að sigvatn frá mögulegu urðunarsvæði komi fram undan jökulruðningsbunkanum ofan við gil Djúpadalsár, e.t.v. meðfram veginum sem liggur upp frá Samkomugerði og í átt til fjallanna. Í þessu sambandi hlýtur það að vera kostur hve þurrt svæðið er auk þess sem ekki ætti að vera mjög erfitt að þétta botn urðunarsvæðsins og safna sigvatni saman. Þá er jökulruðningurinn auk þess allþéttur og einhvern tíma hlýtur það að taka sigvatnið að hripa um hann og niður að mörkum berggrunns og ruðnings. Búast má við að yfirborð berggrunnsins halli nokkuð til austurs, niður að eyrum Eyjafjarðarár. Ef að urðun verður á þessum stað er rétt að huga að staðsetningu vatnsbóla bæjanna í nágrenni Samkomugerðis og hvort einhver möguleiki sé á að þau mengist af sigvatni.

Urðunarefni er hægt að fá í nokkru magni á staðnum, í jökulruðningstungunni á milli Djúpadalsár og Skjóldalsár. Þess ber þó að geta að jökulruðingurinn er ekkert skemmtilegur í vinnslu og getur jafnvel verið grjótharður, nema í hólunum. Önnur hugsanleg efnistökusvæði eru árkeilur Djúpadals- og Skjóldalsár en efnið í þeim er eflaust nokkuð gróft næst þjóðveginum, en fínna neðar. Búast má við að efnistaka í

þær yrði töluvert áberandi. Önnur fjarlægari efnistökusvæði eru t.d. á Melgerðismelum.

Ekki er sjáanleg nein hamfarahætta á svæðinu. Það er helst hve þurrt svæðið er og hve sterk og þrálát sunnanáttin á svæðinu getur orðið. Fok á urðunarefni og sorpi getur hér greinilega orðið til vandræða. Þá verður stundum óhemju úrhelli á stuttum tíma á þessum slóðum. Þau gætu orðið til vandræða, en eru sem betur fer ekkert mjög tíð. Þá er ekki ólíklegt að einhverjum þætti staðsetning urðunarsvæðisins í miðju landbúnaðarhéraði og í nágrenni Djúpadalsár og Eyjafjarðarár, orka tvímælis.

4.2 Gróðurfar

Svæðið sem er hugsað sem urðunarstaður eru ræktuð tún með melkollum á milli. Túnin hafa frekar lítið náttúruverndargildi og voru lítið könnuð, hinsvegar voru melkollarnir og svæðið neðan við kannað enda líklega inni á áhrifasvæði urðunarstaðarins og jafnvel orðið framtíðarsvæði fyrir urðun eða efnistöku.

Svæðið sem kannað var liggur ofan (vestan) vegar upp með Djúpadalsá. Þetta eru melakollar, sæmilega grónir með vel grónu landi á milli og deiglendi á stöku stað. Tegundalisti var gerður í tveimur aðgreindum gróðurlendum. Neðarlega á svæðinu er þurr lækjarfarvegur, með deiglendisbletti (tafla 3, dálkur 1). Þar ber mest á snarrótarpunti, hálíngresi og svo mýrasefi en þar sem blautast er vex mýrastör og lækjasef. Hitt gróðurlendið sem kannað var eru melarnir sem eru mjög þurrir og reyndust frekar tegundasnauðir (tafla 3, dálkur 2) og ber þar mest á holtasóley og língresi. Efst á svæðinu eru svo tún þau sem hugsuð eru sem urðunarstaður og voru þau ekki könnuð nánar þótt athugandi færi þar um. Landið ber merki sauðfjárbeitar, án þess þó að hún virðist of mikil. Eitt rofabarð er neðarlega í hólfinu og blæs úr því í suðlægum áttum. Einnig eru gróin rofabörð á nokkrum stöðum á svæðinu. Ofan við er svæði sem virðist friðað fyrir beit og ber því öllu gróskumeiri gróður en svæðið sem kannað var. Þá voru eyrar Djúpadalsár, neðan brúarinnar og norðan árinnar, einnig kannaðar lauslega vegna hugsanlegrar efnistöku (tafla 3, dálkur 3).

Engar sjaldgæfar tegundir fundust, þótt taka beri fram að villilín hefur takmarkaða útbreiðslu á Íslandi (mynd 3c), en er nokkuð algengt á Eyjafjarðarsvæðinu. Hugsanlegt urðunarsvæði eru tún, sem talin eru hafa lítið verndargildi. Melkollarnir í kring og svæðið neðan við eru einnig talin hafa litið verndargildi. Alls fundust 83 tegundir háplantna á svæðinu og er listi yfir þær í töflu 3.

5 NIÐURSTÖÐUR

5.1 Hella

Grjótnámsgeilin austan megin í Helluhöfða er of lítil til að rúma urðunarsvæði og auk þess er líklegt að eitthvað framhald verði þar á grjótnámi. Við ströndina nyrst í Helluhöfða er hægt að koma urðunarsvæði fyrir. Það væri tiltölulega lítið áberandi frá þjóðvegi, en sést vel af sjó og úr Hrísey. Búast má við þarna yrði erfitt að hemja sigvatn og það rataði stystu leið, beint í sjóinn. Urðun yrði þar beint á þétta klöpp. Nokkuð er af urðunarefni vestan megin í Helluhöfða, en meirihluti þess er í jarðmyndunum sem hafa hátt verndargildi. Í Litlaskógsmóum er mikið af möl, en þar er hafin skógrækt og ekki verður betur séð en hún komi í veg fyrir mikla efnistöku. Þá

er það efni sem finnst í Móunum hágæðaefni sem æskilegt væri að nota til annars en að urða með sorp. Hugsanlegt sorpurðunarsvæði yrði alveg við sjóinn og hætt er við að fok berist á haf út. Engar sjaldgæfar plöntutegundir fundust á svæðinu, en gróður er þar fjölbreyttur. Þá telst svæðið hafa hátt verndargildi vegna ýmissa jarðfræðiminja, landslags og útivistargildis, og auk þess er þar töluvert af fornleifum.

5.2 Skriðuland

Það svæði sem til greina kemur sem urðunarsvæði er tiltölulega lítið og mjög áberandi. Á því er þykkur jarðvegur, sem fjarlægja verður áður en til urðunar kemur. Þar undir er þéttur jökulruðningur, sem getur verið erfiður í vinnslu. Ef ekkert er að gert ratar sigvatn beint Tjarnarlæk og þaðan í Arnarnestjörn, við sjóinn. Auðvelt ætti að vera að safna sigvatni af svæðinu, en þá verður að grafa nýjan farveg fyrir lækinn auk þess að ræsa fram mýrar. Þær framkvæmdir yrðu ekki í landareign Skriðulands. Ekki er annað urðunarefni að hafa í nágrenninu en jökulruðning, sem er bæði harður og þéttur og því erfiður í vinnslu. Urðunarefni verður að sækja annað en í landareign Skriðulands. Hugsanlegt urðunarsvæði er vel gróið og þokkalega fjölbreytt að gróðri. Þar vaxa hvorki sjaldgæfar né sérstakar tegundir og það sjálft hefur ekki hátt verndargildi. Aftur á móti eru í næsta nágrenni svæði, sem hafa hátt verndagildi, vegna sérstæðs, gróskumikils og fjölbreytt lífríkis, sem og plöntu (maríulykils) sem er á válista og í útrýmingarhættu. Hætta er á að nauðsynleg framræsla mýra vegna hugsanlegrar sorpurðunar gæti breytt aðstæðum á þessum svæðum og ógnað þannig tilvist þeirra. Fornminjaskráning hefur ekki enn farið fram á svæðinu, en auk fornra bæjarrústa og gætu þar m.a. leynst kirkjurústir.

5.3 Samkomugerði

Hægt er að koma fyrir lítt áberandi urðunarsvæði, í lægð á milli hóla syðst í mikilli jökulruðningstungu ofan við Samkomugerði. Svæðið er nær og mun meira áberandi frá öðrum bæjum í nágrenninu, en frá Samkomugerði. Það er einnig áberandi úr lofti, en aðalaðflugsleiðin til Akureyrar liggur yfir það. Í dag er þarna tún og áður en kemur að urðun verður að fjarlægja jarðveg. Auðvelt virðist að safna saman sigvatni, sem annars kæmi fram undan jökulruðningnum rétt ofan við gil Djúpadalsár. Þaðan er stutt í Eyjafjarðará. Huga verður að staðsetningu vatnsbóla bæjanna í nágrenninu vegna hugsanlegrar mengunar. Nægilegt urðunarefni er sennilega hægt að fá úr sjálfri jökulruðningstungunni, en jökulruðningurinn getur verið þurr og þéttur, erfiður í vinnslu og tilheyrir að hluta til annari jörð. Þá er mögulegt að sækja urðunarefni í aurkeilur Djúpadalsár eða Skjóldalsár. Svæðið er þurrt og vindasamt og þarna gæti verið fokhætta, bæði á sorpi og urðunarefni. Sunnan við svæðið er gil Djúpadalsár, sem þykir hið merkilegasta og talið hafa hátt verndargildi. Þá er stunduð töluverð kornrækt rétt norðan við hugsanlegt urðunarsvæði. Auk þess yrði sorpurðunin staðsett mitt í mikilvægu landbúnaðarhéraði og á vatnasviði Eyjafjarðarár. Ekki er vitað um fornmenjar á sjálfu urðunarsvæðinu, en aðeins norðan við það eru gamlar bæjarrústir.

6 HEIMILDIR

Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir 1997: Fornleifaskráning í Eyjafirði IX. Fornleifar í Grundarplássi og undir Fjöllum. Minjasafnið á Akureyri / Fornleifastofnun Íslands FS037-94015. 124 bls.

Guðmundur Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason og Kristján Sigfússon 1993: Byggðir Eyjafjarðar, fyrra bindi. Búnaðarsamband Eyjafjarðar, Akureyri. 535 bls.

Halldór G. Pétursson 1990a: Byggingarefni í nágrenni Árskógssands. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, skýrsla 8. 7 bls.

Halldór G. Pétursson 1990b: Byggingarefni í nágrenni Dysness. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, skýrsla 7. 10 bls.

Halldór G. Pétursson og Hreggviður Norðdahl 1999: Forn fjörumörk og jöklar í Eyjafirði. Ágrip erinda og veggspjalda. Jarðfræðafélag Íslands, bls. 28

Haukur Jóhannesson og Kristján Sæmundsson 1998: Jarðfræðikort af Íslandi. 1:500.000. Höggun. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík.

Helgi Hallgrímsson 1985: Náttúruminjaskrá Eyjafjarðarsýslu. Náttúrugripasafnið á Akureyri, handrit

Helgi Hallgrímsson (ritstj.), Þóroddur F. Þóroddsson, Þórir Haraldsson, Kristín Aðalsteinsdóttir og Hálfdán Björnsson 1982: Vesturströnd Eyjafjarðar. Náttúrufar og minjar. Náttúrugripasafnið á Akureyri. 231 bls.

Hörður Kristinsson 1986: Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Örn og Örlygur, Reykjavík. 304 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996: Válisti 1. Plöntur. 82 bls.

Ómar Bjarki Smárason 1987: Árskógsströnd, athugun á grjótnámi sumarið 1986. Jarðfræðistofan Stapi. 4 bls.

Páll Halldórsson, Ragnar Stefánsson, Páll Einarsson og Sveinbjörn Björnsson 1984: Mat á jarðskjálftahættu: Dysnes, Geldinganes, Helguvík, Vatnsleysuvík, Vogastapi og Þorlákshöfn. Veðurstofa Íslands og Raunvísindastofnun Háskólans. 34 bls.

Sigurbjörn Hallsson 1987: Svæðisskipulag Eyjafjarðar, forsendur, horfur, markmið. Skipulagskort, Náttúruminjakort. Samvinnunefnd um skipulagsmál Eyjafjarðarsvæðisins, skýrsla 4. 219 bls. 2 kort.

Nowell Stebbing (ritstj.) 1963: Edinburgh University expedition to Iceland 1963. Final report. 89. bls.

Mynd 1: Þeir þrír staðir sem fjallað eru um í þessari skýrslu vegna hugsanlegrar sorpurðunar.

Mynd 2: Kort af Hellusvæðinu. Á kortinu er sýndur hugsanlegur urðunarstaður og jarðfræði svæðisins í grófum dráttum.

Mynd 3a. Útbreiðsla kattarjurtar (*Rorippa islandica*) á Íslandi.

Mynd 3b. Útbreiðsla maríulykils (*Primula stricta*) á Íslandi.

Mynd 3c. Útbreiðsla villilins (*Linum catharticum*) á Íslandi

Mynd 4: Kort af Skriðulandssvæðinu. Á kortinu er sýndur hugsanlegur urðunarstaður og jarðfræði svæðisins í grófum dráttum.

Mynd 5: Kort af Samkomugerðissvæðinu. Á kortinu er sýndur hugsanlegur urðunarstaður og jarðfræði svæðisins í grófum dráttum.

Tafla 1. Listi yfir háplöntutegundir skráðar á Hellu, í stafrófsröð eftir íslensku heiti þeirra. Dálkur 1, sjávarklettar. Dálkur 2, holt næst sjónum. Dálkur 3, tóftabrot. Dálkur 4, tjarnarstæði nyrst á höfðanum. Dálkur 5, mýri vestanvert á höfðanum. Dálkur 6, hrísmóar á háhöfðanum.

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	1	2	3	4	5	6
aðalbláberjalyng	*Vaccinium myrtillus*			x			x
augnfró	*Euphrasia frigida*		x	x	x		x
axhæra	*Luzula spicata*	x	x				x
barnarót	*Coeloglossum viride*						x
beitilyng	*Calluna vulgaris*		x		x		x
belgjastör	*Carex panicea*				x		
bláberjalyng	*Vaccinium uliginosum*	x	x		x	x	x
blásveifgras	*Poa glauca*	x	x				
blávingull	*Festuca vivipara*	x	x		x	x	x
blóðberg	*Thymus praecox* ssp. *arcticus*	x	x	x			x
brennisóley	*Ranunculus acris*				x		
brjóstagras	*Thalictrum alpinum*		x	x			
bugðupuntur	*Deschampsia flexuosa*		x				x
dýragras	*Gentiana nivalis*		x				
engjarós	*Potentilla palustris*				x	x	
finnungur	*Nardus stricta*				x	x	x
fjallapuntur	*Deschampsia alpina*				x		
fjallasveifgras	*Poa alpina*				x		
fjallavíðir	*Salix arctica*	x				x	x
fjalldrapi	*Betula nana*		x		x	x	x
flagasóley	*Ranunculus reptans*				x		
friggjargras	*Platanthera hyperborea*						x
geldingahnappur	*Armeria maritima*	x	x				x
grasvíðir	*Salix herbacea*	x	x	x	x	x	x
grávorblóm	*Draba incana*		x				
gullmura	*Potentilla crantzii*		x				
gullvöndur	*Gentianella aurea*		x				x
gulmaðra	*Galium verum*		x		x		x
gulvíðir	*Salix phylicifolia*					x	
hálíngresi	*Agrostis capillaris*		x	x	x		x
hálmgresi	*Calamagrostis stricta*				x	x	x
helluhnoðri	*Sedum acre*		x				
hnappstör	*Carex capitata*						
holtasóley	*Dryas octopetala*	x	x				x
hrafnafífa	*Eriophorum scheuchzeri*					x	
hrafnaklukka	*Cardamine nymanii*				x	x	
hrossanál	*Juncus arcticus*				x		
hvítmaðra	*Galium normanii*		x				x
hvítsmári	*Trifolium repens*			x			
ilmreyr	*Anthoxanthum odoratum*			x	x		x
jakobsfífill	*Erigeron borealis*		x				x
kattarjurt	*Rorippa islandica*				x		
klóelfting	*Equisetum arvense*	x	x	x			
klófífa	*Eriophorum angustifolium*					x	
knjáliðagras	*Alopecurus geniculatus*				x		
kornsúra	*Bistorta vivipara*	x	x	x	x	x	
krækilyng	*Empetrum nigrum*	x	x	x	x	x	x
lækjadepla	*Veronica serpyllifolia*				x		
lambagras	*Silene acaulis*	x		x			x
langkrækill	*Sagina saginoides*				x		
ljónslappi	*Alchemilla alpina*			x			x
ljósberi	*Lychnis alpina*		x				

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	1	2	3	4	5	6
lokasjóður	*Rhinanthus minor*		x	x	x		x
lógresi	*Trisetum spicatum*	x	x				x
lyfjagras	*Pinguicula vulgaris*						x
melanóra	*Minuartia rubella*		x				
melgresi	*Leymus arenarius*	x					
mosajafni	*Selaginella selaginoides*		x		x		
móasef	*Juncus trifidus*	x	x		x	x	x
músareyra	*Cerastium alpinum*	x	x				x
mýradúnurt	*Epilobium palustre*						
mýrasef	*Juncus alpinus*				x		
mýrastör	*Carex nigra*				x	x	
mýrfjóla	*Viola palustris*			x	x		
mýrsóley	*Parnassia palustris*	x				x	x
naflagras	*Koenigia islandica*				x		
reyrgresi	*Hierochloe odorata*						x
sauðamergur	*Loiseleuria procumbens*						x
skarifífill	*Leontodon autumnalis*				x		
skriðdepla	*Veronica scutellata*				x		
skriðlíngresi	*Agrostis stolonifera*	x	x		x		x
smjörgras	*Bartsia alpina*						x
snarrótarpuntur	*Deschampsia caespitosa*				x		
stinnastör	*Carex bigelowii*	x	x	x	x		x
túnfífill	*Taraxacum* sp.			x			
tungljurt	*Botrychium lunaria*		x				
túnvingull	*Festuca richardsonii*	x	x			x	x
týsfjóla	*Viola canina*		x				
týtulíngresi	*Agrostis vinealis*					x	x
undafífill	*Hieracium* sp.		x	x			x
vallarsveifgras	*Poa pratensis*	x		x	x		x
vallelfting	*Equisetum pratense*		x		x		x
vallhumall	*Achillea millefolium*		x	x	x		
vallhæra	*Luzula multiflora*	x	x	x	x	x	x
varpasveifgras	*Poa annua*		x		x		
vatnsliðagras	*Alopecurus aequalis*				x		
þráðsef	*Juncus filiformis*				x		
þursaskegg	*Kobresia myosuroides*	x	x				x

Tafla 2. Listi yfir háplöntutegundir skráðar á Skriðulandi, í stafrófsröð eftir íslensku heiti þeirra. Dálkur 1, deiglendi næst Tjarnarlæk. Dálkur 2, framræst graslendi. Dálkur 3, holt. Dálkur 4, sunnan Hjalteyrarvegar.

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	1	2	3	4
akurarfi	*Stellaria graminea*	x			
augnfró	*Euphrasia frigida*		x		x
axhæra	*Luzula spicata*		x	x	x
beitieski	*Equisetum variegatum*			x	
beitilyng	*Calluna vulgaris*		x	x	
beringspuntur	*Deschampsia beringensis*				x
birki	*Betula pubescens*			x	
bláberjalyng	*Vaccinium uliginosum*		x	x	x
blávingull	*Festuca vivipara*		x	x	x
blóðberg	*Thymus praecox* ssp. *arcticus*		x	x	
blómsef	*Juncus triglumis*				x
brennisóley	*Ranunculus acris*	x	x		x
brjóstagras	*Thalictrum alpinum*	x	x	x	x
broddastör	*Carex microglochin*				x
bugðupuntur	*Deschampsia flexuosa*			x	
dýragras	*Gentiana nivalis*			x	
engjarós	*Potentilla palustris*	x	x		x
eski	*Equisetum hyemale*			x	x
fergin	*Equisetum fluviatile*		x		
finnungur	*Nardus stricta*		x		x
fjallafoxgras	*Phleum alpinum*	x	x		
fjallavíðir	*Salix arctica*	x	x		
fjalldalafífill	*Geum rivale*	x	x		x
fjalldrapi	*Betula nana*	x	x	x	x
flagahnoðri	*Sedum villosum*	x			x
flóastör	*Carex limosa*	x			
friggjargras	*Platanthera hyperborea*	x	x		
gleym-mér-ei	*Myosotis arvensis*	x	x		
grasvíðir	*Salix herbacea*		x	x	
grávorblóm	*Draba incana*		x	x	
grænvóndur	*Gentianella amarella*		x	x	
gullmura	*Potentilla crantzii*		x		
gulmaðra	*Galium verum*	x	x	x	
gulvíðir	*Salix phylicifolia*	x			x
haugarfi	*Stellaria media*	x	x		
hálíngresi	*Agrostis capillaris*	x	x		
hálmgresi	*Calamagrostis stricta*		x		
hárleggjastör	*Carex capillaris*				x
hjartarfi	*Capsella bursa-pastoris*	x			
hjónagras	*Pseudorchis albida*				x
hnúskakrækill	*Sagina nodosa*				x
holtasóley	*Dryas octopetala*		x	x	
horblaðka	*Menyanthes trifoliata*	x			x
hófsóley	*Caltha palustris*	x			
hrafnafífa	*Eriophorum scheuchzeri*	x	x		x
hrafnaklukka	*Cardamine nymanii*	x			x
hrossanál	*Juncus arcticus*	x	x		
hvítmaðra	*Galium normanii*		x	x	
hvítsmári	*Trifolium repens*	x			
ilmreyr	*Anthoxanthum odoratum*	x	x	x	x
jakobsfífill	*Erigeron borealis*		x		
klóelfting	*Equisetum arvense*		x	x	
klófífa	*Eriophorum angustiofolium*	x	x		x

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	1	2	3	4
klukkublóm	*Pyrola minor*				x
kornsúra	*Bistorta vivipara*	x	x	x	x
krækilyng	*Empetrum nigrum*		x	x	x
lambagras	*Silene acaulis*		x		x
langkrækill	*Sagina saginoides*	x			
ljónslappi	*Alchemilla alpina*		x	x	
loðvíðir	*Salix lanata*				x
lokasjóður	*Rhinanthus minor*	x	x		x
lófótur	*Hippuris vulgaris*	x			
lógresi	*Trisetum spicatum*			x	
lækjadepla	*Veronica serpyllifolia*	x	x		
lækjargrýta	*Montia fontana*	x			
maríulykill	*Primula stricta*				x
maríustakkur	*Alchemilla vulgaris*	x	x		
maríuvöndur	*Gentianella campestris*		x	x	
mosajafni	*Selaginella selaginoides*		x	x	x
móasef	*Juncus trifidus*		x	x	x
músareyra	*Cerastium alpinum*			x	
mýradúnurt	*Epilobium palustre*				x
mýrafinnungur	*Trichophorum caespitosum*				x
mýrasauðlaukur	*Triglochin palustre*		x		
mýrasef	*Juncus alpinus*	x			x
mýrastör	*Carex nigra*	x	x		x
mýrelfting	*Equisetum palustre*	x			x
mýrfjóla	*Viola palustris*	x	x		
mýrsóley	*Parnassia palustris*		x	x	
skógviðarbróðir	*Betula nana* x *pubescens*				x
skriðlíngresi	*Agrostis stolonifera*	x	x	x	x
slíðrastör	*Carex vaginata*		x		x
smjörgras	*Bartsia alpina*				x
snarrótarpuntur	*Deschampsia caespitosa*	x	x	x	x
stinnastör	*Carex bigelowii*		x	x	
tjarnastör	*Carex rostrata*	x			x
trefjasóley	*Ranunculus hyperboreus*	x			x
tungljurt	*Botrychium lunaria*		x	x	
túnfífill	*Taraxacum* sp.	x		x	
túnsúra	*Rumex acetosa*	x	x		x
túnvingull	*Festuca richardsonii*	x	x	x	x
týsfjóla	*Viola canina*			x	
týtulíngresi	*Agrostis vinealis*		x		x
undafífill	*Hieracium* sp.	x	x	x	
vætudúnurt	*Epilobium watsonii*	x			
vallarsveifgras	*Poa pratensis*	x	x	x	
vallelfting	*Equisetum pratense*			x	x
vallhumall	*Achillea millefolium*		x	x	
vallhæra	*Luzula multiflora*	x	x	x	x
varpasveifgras	*Poa annua*	x	x	x	
vegarfi	*Cerastium fontanum*	x	x		
vetrarkvíðastör	*Carex chordorrhiza*				x
þráðsef	*Juncus filiformis*	x			
þursaskegg	*Kobresia myosuroides*		x	x	

Tafla 3. Listi yfir háplöntur skráðar við Samkomugerði, í stafrófsröð eftir íslensku heiti þeirra. Dálkur 1, þurr lækjarfarvegur neðarlega á svæðinu. Dálkur 2, melar. Dálkur 3, áreyrar Djúpadalsár.

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	1	2	3
augnfró	*Euphrasia frigida*	x	x	x
axhæra	*Luzula spicata*	x	x	
beitieski	*Equisetum variegatum*	x		
bjúgstör	*Carex maritima*	x		
bláberjalyng	*Vaccinium uliginosum*		x	
blásveifgras	*Poa glauca*		x	x
blávingull	*Festuca vivipara*	x	x	x
blóðarfi	*Polygonum aviculare*			x
blóðberg	*Thymus praecox* ssp. *arcticus*	x	x	x
brennisóley	*Ranunculus acris*			x
brjóstagras	*Thalictrum alpinum*	x		
dýragras	*Gentiana nivalis*	x	x	
fjallasveifgras	*Poa alpina*		x	
flagasóley	*Ranunculus reptans*			x
friggjargras	*Platanthera hyperborea*	x		
gleym-mér-ei	*Myosotis arvensis*	x		
grasvíðir	*Salix herbacea*	x	x	
grávorblóm	*Draba incana*		x	
gullvöndur	*Gentianella aurea*		x	
gulmaðra	*Galium verum*	x	x	x
haugarfi	*Stellaria media*			x
hálíngresi	*Agrostis capillaris*	x	x	x
hálmgresi	*Calamagrostis stricta*	x		
hárleggjastör	*Carex capillaris*	x	x	
helluhnoðri	*Sedum acre*		x	x
hjartarfi	*Capsella bursa-pastoris*			x
hnappstör	*Carex capitata*	x		
hnúskakrækill	*Sagina nodosa*	x		
holtasóley	*Dryas octopetala*	x	x	
holurt	*Silene uniflora*			x
hófsóley	*Caltha palustris*			x
hrafnafífa	*Eriophorum scheuchzeri*			x
hrafnaklukka	*Cardamine nymanii*	x		x
hrossanál	*Juncus arcticus* ssp. *Intermedius*	x		
hvítmaðra	*Galium normanii*	x		
hvítsmári	*Trifolium repens*	x	x	
jakobsfífill	*Erigeron borealis*	x	x	
klóelfting	*Equisetum arvense*	x	x	
kornsúra	*Bistorta vivipara*	x		
krækilyng	*Empetrum nigrum*	x	x	
lambagras	*Silene acaulis*	x	x	
loðvíðir	*Salix lanata*	x		
ljónslappi	*Alchemilla alpina*	x	x	
ljósberi	*Lychnis alpina*		x	
lógresi	*Trisetum spicatum*	x	x	
lokasjóður	*Rhinanthus minor*	x		x
lyfjagras	*Pinguicula vulgaris*	x		
lækjadepla	*Veronica serpyllifolia*			x
lækjasef	*Juncus bufonius* ssp. *bufonius*	x		
maríuvendlingur	*Gentianella tenella*		x	
mosajafni	*Selaginella selaginoides*	x	x	
móasef	*Juncus trifidus*		x	
músareyra	*Cerastium alpinum*	x	x	x

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	1	2	3
mýradúnurt	*Epilobium palustre*			x
mýrasauðlaukur	*Triglochin palustris*	x		
mýrasef	*Juncus alpinus*	x		
mýrastör	*Carex nigra*	x		
mýrelfting	*Equisetum palustre*	x		
mýrfjóla	*Viola palustris*	x		
mýrsóley	*Parnassia palustris*	x	x	
njóli	*Rumex longifolius*			x
reyrgresi	*Hierochloë odorata*	x		
skarifífill	*Leontondon autumnalis*	x		
skriðlíngresi	*Agrostis stolonifera*			x
snarrótarpuntur	*Deschampsia caespitosa*	x	x	x
stinnastör	*Carex bigelowii*	x		
sýkigras	*Tofeldia pusilla*	x	x	
trefjasóley	*Ranunculus hyperboreus*			x
tungljurt	*Botrychium lunaria*	x	x	
túnfífill	*Taraxacum sp.*	x	x	x
túnsúra	*Rumex acetosa*	x		x
túnvingull	*Festuca richardsonii*	x	x	x
týsfjóla	*Viola canina*		x	
undafífill	*Hieracium sp.*	x		x
vallarsveifgras	*Poa pratensis*	x	x	x
vallelfting	*Equisetum pratense*	x		
vallhumall	*Achillea millefolium*	x		x
vallhæra	*Luzula multiflora*	x	x	x
varpasveifgras	*Poa annua*	x		x
vatnsliðagras	*Alopecurus aequalis*			x
vegarfi	*Cerastium fontanum*	x	x	
villilín	*Linum catharticum*		x	
þursaskegg	*Kobresia myosuroides*	x	x	